

Frumvarp til lögleiðingar Barnasáttmála Sp

Frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálann) liggur nú fyrir í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 16. mars síðastliðinn. Ragna Árnadóttir dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur kynnt frumvarpið fyrir ríkisstjórn og stefnt er að framlagningu þess á Alþingi innan tíðar. Frumvarpið er nú aðgengilegt á heimasíðu dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins.

Samningurinn um réttindi barnsins var undirritaður af Íslands hálfu 26. janúar 1990 og fullgiltur 28. október 1992. Hann öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 27. nóvember 1992. Við fullgildingu samningsins var litið svo á að íslensk löggjöf væri í samræmi við ákvæði hans og var hann því fullgiltur án fyrirvara af hálfu Íslands, en lagðar voru fram sérstakar yfirlýsingar vegna tveggja ákvæða, önnur varðandi ákvarðanir um aðskilnað barna og foreldra og hin varðandi aðskilnað ungra fanga frá fullorðnum. Ísland hefur nú fallið frá fyrri yfirlýsingu þar sem gerðar hafa verið lagabreytingar sem samræmast ákvæðum samningsins. Hin yfirlýsingin stendur eftir og hefur dómsmála- og mannréttindaráðherra sett á fót starfshóp, sem í eiga sæti fulltrúar ráðuneytisins, Barnaverndarstofu og Fangelismálastofnunar, er hefur það hlutverk að koma með tillögur að fyrirkomulagi um vistun ungra fanga sem væri í samræmi við Barnasáttmálann svo unnt sé að falla frá yfirlýsingu.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið fól Þórhildi Línal, lögfræðingi og fyrrverandi umboðsmanni barna, að vinna frumvarpið, sem felur í sér lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að honum. Hún segir að samkvæmt íslenskum rétti fái fullgiltir alþjóðlegir samningar eins og samningurinn um réttindi barnsins ekki sjálfkrafa lagagildi að landsrétti. „Íslensk lög skulu aftur á móti skýrð með hliðsjón af slíkum alþjóðasamningum en stangist ákvæði þeirra á við innlend lög ganga hin íslensku framar.“


Frumvarpið sem nú liggur fyrir hefur það að markmiði að lögfesta samninginn svo að honum verði framvegis beitt sem fullgildri íslenskri réttarheimild, eins og mannréttindasáttmála Evrópu. Þórhildur bendir á að eins og fram komi í athugasemdum við frumvarpið hafi ýmislegt verið gert til að laga íslenskan rétt og stjórnáslu betur að ákvæðum samningsins frá því hann var fullgiltur af Íslands hálfu. „Til dæmis

var með 14. gr. stjórnskipunarлага nr. 97/1995 í fyrsta sinn sett inn í íslensku stjórnarskrána ákvæði sem varðar börn sérstaklega. Þá hefur löggjöf um málefni barna á ýmsum sviðum verið í verulegri endurskoðun á síðustu árum og fjölmargar breytingar verið gerðar sem hafi það markmið að bæta réttarstöðu barna m.a. með hliðsjón af ákvæðum samningsins, s.s. barnalög, barnaverndarlög, lög um leikskóla, lög um grunnskóla, lög um framhaldsskóla, æskulýðslög (ungmennaráð), útvarpslög (útvarps- og sjónvarpsefni, auglýsingar) o.fl.“

Vegna vinnunnar við gerð þessa frumvarps óskaði dómsmálaráðuneytið eftir því við öll ráðuneyti að þau gerðu grein fyrir því hvaða lögum á verksviði þeirra og stofnana þeirra væri nauðsynlegt að breyta vegna fyrirhugaðrar lögleiðingar samningsins. Þórhildur segir að niðurstaðan hafi almennt verið sú að ekki væri nauðsynlegt að breyta núgildandi ákvæðum laga vegna fyrirhugaðrar lögfestingar. Komi það ekki á óvart sé litið til þeirra breytinga sem þegar hafa komið til framkvæmda.

Þórhildur telur að sérstaða samningsins um réttindi barnsins liggja ekki síst í því að með honum séu réttindi barna í fyrsta sinn leidd í alþjóðalög. Þá endurspeglir samningurinn jafnframt nýja og byltingarkennda sýn á réttarstöðu barna. „Samhliða því að börn skuli njóta umhyggju og sérstakrar verndar, er lögð rík áhersla á að börn verði virkir þátttakendur í þjóðfélaginu, sem sjálfstæðir einstaklingar með réttindi og ábyrgð sem hæfir aldri og þroska hvers og eins þeirra. Samningurinn hefur því mótað nýjan síðferðilegan grunn og alþjóðleg viðmið um hvernig líta beri á og koma skuli fram við börn.“

- [Frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.](#)
- [Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.](#)



Um samning Sp um réttindi barnsins

Undirbúningur að gerð samningsins um réttindi barnsins hófst á „ári barnsins“ hjá Sameinuðu þjóðunum árið 1979. Áratug síðar eða nánar tiltekið 20. nóvember 1989 var hann lagður fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og samþykktur. Hann öðlaðist gildi 2. september 1990 þegar 20 ríki höfðu fullgilt hann. Þessi samningur hefur að geyma borgaraleg, stjórnmalaleg, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi börnum til handa, auk ákvæða sem ætlað er að vernda sérstaklega einstaklinga eða börn, er ekki hafa náð 18 ára aldri.

Nefndin um réttindi barnsins sem hefur eftirlit með framkvæmd samningsins í aðildarríkjum hans hefur lýst því yfir að samningurinn byggi á fjórum grundvallarreglum og að öll ákvæði hans skuli túlkuð og skýrð að teknu tilliti til þeirra. Þetta eru reglurnar um rétt barns til jafnræðis sbr. 2. gr. samningsins, um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang, sbr. 3. gr., um rétt barnsins til að lífa og þroskast, sbr. 6. gr. og um rétt barnsins til að hafa skoðun og að sú skoðun sé virt sbr. 12. gr. samningsins.